
**Skýrsla um starfsemi Byggðasafns Árnesinga
og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka
árið 2003**



Starfsemi safnanna á Eyrarbakka, Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundum hætti á árinu 2003. Framkvæmdir hófust við endurbyggingu Eggjaskúrsins. Fjórar sýningar voru haldnar í borðstofu Hússins, gestafjöldi varð um 5100, töluvert barst af munum til safnanna og má þar merkast nefna gjöf Helga Ívarssonar bónda í Hólum í Stokkseyrarhreppi sem gaf um 200 gripi, marga einstæða. Átak var í gangi við forvörslu safnmuna.

Þjónustusamningur um rekstur Sjóminjasafnsins var í gildi og framlengdur um óákveðinn tíma. Myndaskrá Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var skráð í gagnagrunninn Sarp.

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Byggðasafns Árnesinga sitja Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson formaður, Sigurður Steindórsson varaformaður og Helga Teitsdóttir ritari. Stjórn safnsins fundaði þrisvar sinnum á árinu og fór jafnframt í eina kynnisferð um söfn á Suðurnesjum.

Safnstjóri í fullri stöðu er Lýður Pálsson. Í 50% stöðu safnvarðar var í upphafi ársins Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðinemi sem í aprílbyrjun fór í fæðingarorlof. Jensína Jensdóttir var í aprílbyrjun ráðin í 75% stöðu út árið til stafrænnar skráningar á ljósmyndum. Þorvaldur H. Gunnarsson vann fimm mánuði í 20% starfshlutfalli með safnstjóra við fagleg störf, einkum við uppsetningu sýninga og skráningu safnmuna.

Við gæslu og annað tilfallandi voru Nanna Bára Maríasdóttir, Edda Linn Rise og Erlingur Brynjólfsson. Við Sjóminjasafnið störfuðu við gæslu hjónin Agnes Karlsdóttir og Hörður Jóhannsson. Guðjón Guðmundsson rafvirki er söfnunum helsta aðstoð vegna öryggis- og tæknimála.

Opnunartímar og aðsókn 2003

Á söfnunum var opið kl. 14-17 um helgar í apríl, maí, september og október og opið alla daga kl. 10-18 í júní, júlí og ágúst. Jafnframt var tekið á móti fjölmörgum hópum utan auglýsts opnunartíma. Heildargestafjöldi var um 5100 sem er nokkuð svipað og undanfarin ár. Af þessum fjölda voru 640 erlendir og 725 skólabörn.

Í Sjóminjasafnið skráðu sig um 3.600 gestir í gestabók.

Þó ekki sé um sýningahald að ræða í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka eiga þangað ýmsir erindi við starfsfólk, eins og til aðstoðar við greiningu ljósmynda, til rannsókna á safnkosti og til afhendingar á gömlum gripum. Þar var haldið uppi gestabók sem 70 manns skrifuðu sig í á árinu. Ekki skrifuðu þó allir.

Sýningar og helstu viðburðir

Að eigin vali nefndist vorsýning Byggðasafns Árnesinga árið 2003 og var að finna í borðstofu Hússins. Undirheiti sýningarinnar var „**Start me up**” með gömlum fartölvum, páli og þvottavél úr tré. Þar gafst gestum kostur á að skyggjast inn í hugarheim sagnfræðingsins Erlings Brynjólfssonar, kennara í Fjölbautaskóla Suðurlands, en hann valdi ýmsa og ansi ólíka muni á þessa sýningu. Þar sagði m.a. frá fallegum bróðeringum, þagnaðri þvottavél úr tré, útvarpi fyrir tíma RÚV, segulbandstækjum, sjóbrók, hrífu, áratugagömlum „excel”

og teiknimyndum úr haframjölspökkum. Þar glitti í skilin sem urðu í íslenskri menningu; þegar bændasamfélagið rann saman við nútímalegan lífsstíl seinni hluta síðustu aldar.



Á norðurlofti Assistentahúss var tekin niður sýningin um Selnytjar en í staðinn sett upp ný fastasýning, **Hlunnindanýting á Suðurlandi**. „Hlunnindi“ er gamalt orð yfir sérstök gæði sem fylgdu tilteknum jörðum meira en öðrum. Á jörðum við sjóinn var oft æðarvarp, reki eða selur og svo gat alltaf rekið einn og einn hval. Uppi í sveitunum var lax víða og búast mátti við silungi í hverri rás, skurði, síki, polli, tjörn, flóði, pytt eða vatni. Þá var skógarkjarr á sumum jörðum, og margar jarðir áttu hlunnindi svo sem skógartekju í Þjórsárdal. Á sýningunni var blandað var saman safngripum tengdum hlunnindum, ljósmyndum, sögum og sögnum og uppstoppuðum dýrum frá náttúrusafni Byggðasafns Árnesinga.

Vorið 2003 voru fastasýningar í Assistentahúsinu endurskoðaðar og endurbættar. Kirkjudeildin, Guðlaugsbúð og Verslunardeildin voru endurbættar, sýningartextar lagfærðir og safngripum skipt út. Þrennskonar ástæður láu að baki þessum breytingum. Í fyrsta lagi má nefna að sýningartextar víðsvegar um safnið úreltust við síðustu aldaskipti og við frekari rannsóknir á safnkosti og húsakynnum. Í öðru lagi er það yfirlýst stefna Byggðasafns Árnesinga að skipta safngripum út með reglulegu millibili og stuðla þannig að fjölbreyttu sýningarhaldi. Og í þriðja lagi var samþykkt í stjórn Byggðasafns Árnesinga árið 2002 að lána hluta af verslunarinnréttungum Guðlaugs Pálssonar til Kirkjustrætis ehf. sem á húsið Sjónarhól á Eyrarbakka, öðru nafni Laujabúð. Kallaði það á endurskoðun verslunarsýningarinnar og m.a. var ullarvog fornri úr Eyrarbakkaverslun komið fyrir en ullin skipti miklu í samskiptum bænda og kaupmanna fyrrum. Áætlað er að halda áfram endurskoðun fastasýninga á næstu tveimur árum, m.a. verður önnur hæð Hússins rækilega endurskoðuð 2004.

Portrett - Sigurjón Ólafsson myndhöggvari Á menningarhátíð Árborgar, *Vor í Árborg*, þann 24. maí var í borðstofu Hússins á Eyrarbakka opnuð sýning á portrett-myndum eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara. Efni sýningarinnar er einkum beint að æsku og uppruna Sigurjóns en hann var fæddur í Einarshöfn á Eyrarbakka árið 1908. Hann var nemandi í Barnaskólanum á Eyrarbakka frá 1916 til 1922. Aðalsteinn Sigmundsson varð skólastjóri á þessum árum og gerði myndmennt að nýrri kennslugrein við skólann. Varð strax ljóst hvaða hæfileika Sigurjón hefði sem myndlistarmaður. Hann hafði mikil áhrif hér heima og í Danmörku en höggmyndalist Sigurjóns þykir einstök á evrópskan mælikvarða.

Jónsmessuhátíð Eyrarbakka er orðinn árviss viðburður. Stóð hún í ár frá miðjum degi laugardagsins 21. júní og fram á nótt. Var aðsókn með besta móti enda veður fádæma gott. Einn liður í hátíðinni er söngstund í stofu Hússins á Eyrarbakka. Hjalti Þórðarson frá Reykjum á Skeiðum sat við píanóið og spilaði úr „fjárlögunum“. Komust færri að í stofunni en vildu.

Safnadagurinn var haldinn 13. júlí að tilhlutan ICOM á Íslandi og Félags íslenskra safnamanna. Í stofunni var spunnið á rokk og sýnd ullahandbrögð liðinna tíma en við píanóið sat Ingi Heiðmar Jónsson sem sá um tónlistardagskrá með aðstoð einsöngvarans Hermundar Guðsteinssonar. Á vegum Sjóminjasafnsins var gengið um Eyrarbakka og sá Magnús Karel Hannesson um að fræða göngufólk um húsín á Eyrarbakka og sögu þeirra.

Fyrirlestrar: Fyrirlestraröðin *Byggð og menning* sem haldin hefur verið undanfarin ár var lögð til hliðar, - a.m.k. að sinni. Þess í stað er ætlunin að bjóða upp á einstaka fyrirlestra eftir því sem tími, fjármagn og aðrar aðstæður leyfa. Þann 28. ágúst var fyrirlestur haldinn í borðstofu Hússins á Eyrarbakka í samvinnu við Háskóla Íslands, Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftafræði, Selfossi. Dr. Jóna s Þór Snæbjörnsson var með fyrirlestur sem nefndist ÁHRIF JARÐSKJÁLFTA Á BYGGINGAR. Í fyrirlestrinum var fjallað um jarðskjálfta, eðli þeirra og eiginleika. Gerð var sérstök grein fyrir bylgyhreyfingu jarðarinnar þegar jarðskjálfti ríður yfir svo og því hvernig hreyfingin verður að titringi og sveiflum í byggingum. Notuð var myndræn framsetning og tölvutækni til þess að sýna hreyfinguna. Á undan fyrirlestrinum var Lýður Pálsson safnstjóri með stutta tölu um jarðskjálftasögu Hússins á Eyrarbakka en yfir Húsið hafa riðið amk. þrír landskjálftar og stendur þó byggingin traust sem fyrr.

Á haustdögum var haldið áfram að bjóða upp á dagskrá um Einar Benediktsson skáld eins og haustið 2002. Flytjendur voru Guðrún Ásmundsdóttir, Eyvindur Erlendsson, Guðríður Júlíusdóttir og Margrét H. Hallmundsdóttir, auk undirleikara sem oftast var Haukur Guðlaugsson. Dagskráin öll tekur hálfan dag og er komið við á helstu viðkomu- og dvalarstöðum Einars Benediktssonar og endað í Húsinu á Eyrarbakka, með viðkomu á Sjóminjasafninu þar sem boðið var upp á Íslenska kjötsúpu. Dagskráin var flutt í tvö skipti og einnig á Vordögum Árborgar.

Í byrjun september voru *Suðurlandsmyndir Sigfúsar Eymundssonar* ljósmyndara á veggjum borðstofunnar. Ljósmyndirnar voru teknar á ferðum Sigfúsar um Suðurland á 9. áratug 19. aldar og gefa ómetanlega innsýn í mannlífið þegar Ísland var rötgróið bændasamfélag. Sýningin kom frá Sjóminjasafninu á Eyrarbakka í samvinnu við myndadeild Þjóðminjasafns Íslands.

Töluvert ólík ljósmyndasýning var á sama tíma í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Þar var sett upp sýningin *Þorpsbúar* eftir ljósmyndarann Lindu Ásdísardóttur í Pálsbæ á Eyrarbakka. Sýningin var unnin fyrir menningarhátíðina *Vor í Árborg* í maí og síðan afhent Sjóminjasafninu á Eyrarbakka til varðveislu. Á sýningunni voru andlitsmyndir af Eyrbekkingum árið 2003 og er veitt yfirlit yfir breiðan hóp þorpsbúa þar sem þeim er skipt upp í nokkra flokka og tölfraðilegar upplýsingar veittar með. Sýningin svarar ýmsum þeim spurningum sem leita á safngesti eftir heimsókn á Eyrarbakka.

Þann 24. október kom Sun Jiazheng menningamálaráðherra Kína í heimsókn í Húsið á Eyrarbakka. Skoðaði hann Húsið og Sjóminjasafnið undir leiðsögn safnstjóra og í fylgd ráðuneytisfólks, kínverskra og íslenskra.

Jólasýningin var sett upp í desemberbyrjun að vanda og sóttu skólahópar sýninguna fram yfir jól. Gömul jólatré og brúður af hrekkjóttum jólasveinum settu svip á sýninguna. Safnstjóri klæðist jólasveinabúningi í sauðalitum.

Viðhald Hússins á Eyrarbakka

Meðal viðhaldsverkefna framundan má nefna viðgerðir á útihúsunum sem enn bíða þess að verða nothæf sem safnhús. Samkvæmt samkomulagi um Húsið ber ríkissjóði að sjá um það verk. Ýmsar orsakir liggja að baki þeirri töf sem orðið hefur á viðgerðum útihúsanna en fullur vilji er hjá Þjóðminjasafni Íslands að standa að viðgerðum á þeim. Til stóð að bera á austurgabl Hússins. Því verki var frestað um ár.



Kínverski menningarráðherrann ásamt ráðuneytisfólki, túlki og safnstjóra fyrir framan Húsið.

Í janúar lauk Guðjón Stefán Kristinsson skruðgarðyrkjumeistari viðgerð á garðinum fyrir framan Húsið. Var garðhleðslan illa farin og hrunin á köflum og beinlínis hættuleg gangandi fólki. Viðgerðin var kostuð af Sveitarfélaginu Árborg í samræmi við fyrrnefnt samkomulag um Húsið á Eyrarbakka frá 19. október 1992.

Garður þessi á sér yfir 200 ára sögu en hann var hlaðinn á vegum Eyrarbyggakakaupmanns í kjölfar Básendaflóðsins svonefnda, sem skall á janúarkvöld eitt árið 1799. Í einni samtímaheimild segir frá Niels Lambertsen kaupmanni í Húsinu á Eyrarbakka þegar ósköpin dundu yfir: „Kaupmaðurinn sat eitt sunnudagskvöld í makindum heima í stofu sinni og var að spila við gesti, er voru hjá honum. Þeir skeyttu því ekki þótt það hvessti meir og meir og sjórinn flæddi lengra og lengra á land. Þá skall allt í einu feikna mikil bylgja á húsinu, braut gluggana og flæddi inn í stofuna. Það hafði nefnilega gleymzt að loka gluggahlerunum. En til allra hamingju leið nægilega langur tími til þess, áður en næsta bylgja kom, að tóm fengist til að loka þeim. Nú sátu þeir þarna milli vonar og ótta – má vera, að þeim hafi lært að biðja fyrir sér – og spilin voru á floti á gólfinu. Tvö öldubákn skullu enn á húsinu, og á hverri stundu mátti búast við, að það færi um koll. Svo lægði sjörganginn skyndilega og hættan leið hjá.” (Gyða Thorlacius: Endurminningar frá dvöl hennar á Íslandi 1801-1815, bls. 137-138)

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Í gildi var þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Byggðasafns Árnesinga um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Gilti samningurinn til 31. desember 2002 og síðar framlengdur um eitt ár. Hefur faglegur og daglegur rekstur Sjóminjasafnsins verið í höndum Byggðasafns Árnesinga en framkvæmda- og veitusvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum Sjóminjasafnsins. Lista- og menningarnefnd Árborgar samþykkti á fundi sínum 11. desember að við endurskoðun samningsins verði hann framlengdur til fimm ára, en ekki eins árs í senn. Í þeim samningi verði fimm ára framkvæmdaáætlun og tryggt fjármagn til frekari uppbyggingar safnsins, t.d. því að koma Beitningaskúrnum við Óðinshús í sýningarhæft ástand.

Málefnum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er sinnt samhliða Byggðasafninu en með tilkomu þjónustuhúss Byggðasafns Árnesinga urðu nokkrar breytingar til batnaðar á varðveislumálum safnsins, en Sjóminjasafnið nýtir það samhliða Byggðasafninu og Byggðasafnið nýtir Mundakotsskemmu, aðstöðuhús Sjóminjasafnsins, fyrir stærri gripi sína.

Gamli slökkviliðsbíll Eyrbekkinga, Chervolet árgerð 1941, var lánaður á fornbílaþing á Selfossi og síðan komið fyrir á túninu fyrir vestan Sjóminjasafnið. Til stóð að ga ngsetja bílinn með aðstoð kunnugra en ekki vannst tími til þess.

Í nóvember var sett upp fullkomið öryggiskerfi í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Kerfið fellst í hreyfiskynjurum, reykskynjurum og vatnsnemunum. Kerfið, sem keypt var frá Öryggismiðstöð Íslands/Árvirkjanum, er beintengt við vaktstöð. Vesturhlið Beitningaskúrsins við Óðinshús var tjörguð af Hjálmmari Gunnarssyni málarameistara.

Um annað var búið að nefna eins og sýningahald og starfsmannamál en segja má að vinna starfsmanna í þjónustuhúsi safnanna sé í þágu safnanna sameiginlega og er stundum erfitt að mæla og meta fyrir hvort safnið er verið að starfa hverju sinni en hagkvæmni samrekstrar safnanna er þó ótvíræð.

Ótalið er hið mikla starf sem fram fór á árinu við tölvuskrásetningu ljósmynda Sjóminjasafnsins.

Menningarsögulegur gagnagrunnur SARPUR

Á árinu 2002 undirbjó safnstjóri þátttöku safnanna á Eyrarbakka í skráningarkerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur rekin af Þjóðminjasafni Íslands.

Staða skráningarmála í ársbyrjun var sú að öll aðföng Byggðasafns Árnesinga hafa verið tölvuskráð í gagnagrunnsforritið FileMaker sem notað hefur verið við safnið frá haustinu 1992 með góðum árangri. Munaskrá Sjóminjasafnsins var að mestu leyti skráð í FileMakerPro sumarið 2001. Ljósmyndaskrá Sjóminjasafnsins er til í spjaldskrá en ekki í tölvutæku formi. Að auki hundruðir ljósmynda alveg óskráðar og með óþekktu myndefni.

Það þarf varla að fara mörgum orðum um gildi markvissrar skráningar safnmuna. Í raun er skráning og varðveisla, bæði þrívíðra muna og ljósmynda, einn mikilvægasti hluti af starfsemi safna. Ef ekki færi fram skráning á safnkosti mætti líkja við ef einum fæti væri kippt undan þrífættum stólkolli.

Ríflega 4500 ljósmyndir eru skráðar hjá Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Að söfnun gamalla ljósmynda hefur markviss verið unnið í gegnum tíðina en þó einkum þegar Inga Lára Baldvinsdóttir var umsjónarmaður safnsins. Myndirnar eru að mestu leyti af fólki, mannlífi og húsum á Eyrarbakka frá upphafi ljósmyndunar til dagsins í dag og segja þær meir en mörg orð um sögu staðarins, þróun og framvindu.

Byggðasafn Árnesinga keypti í ársbyrjun eitt notendaleyfi í Sarpi til notkunar við skráningu þeirra aðfanga safnanna sem ekki hafa verið færðar í tölvu. Sarpur er heiti á menningarsögulegu upplýsingakerfi sem unnið hefur verið að á vegum Þjóðminjasafns Íslands undanfarin ár í samvinnu við hugbúnaðarfyrirtækið Hugvit hf. með veglegum styrk frá Rannís. Í Sarpi eru varðveittar upplýsingar um muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti og örnefni ásamt öðru efni. Undanfarin misseri hafa ýmis söfn, stofnanir og fyrirtæki skráð um

450 þúsund færslur í gagnasafn Sarps. Sarpur hefur þrífætt hlutverk. Það er *skráningartæki*, til að skrá menningarsögulegar grunnupplýsingar hjá opinberum og einkareknum söfnum, stofnunum og fyrirtækjum, *stjórnunartæki* fyrir stefnumótun í minjavörslu og ekki síst *upplýsingaveita* fyrir söfn, fræðimenn og fróðleiksfúsan almenning.

Verkið hófst í marsbyrjun með stuðningi Atvinnuleysistryggingasjóðs og fyrir milligöngu Svæðismiðlunar Suðurlands sem bar kostnað af 66% af launakostnaði við ljósmyndaskráninguna. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Sarps, Frosti F. Jóhannsson, var starfsmönnum til aðstoðar og ráðgjafar við skráninguna.

Byggðasafn Árnesinga réði Jensínu Jensdóttur í 75% stöðu frá byrjun apríl til ársloka til að vinna að skráningu myndasafns Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka í gagnagrunninn Sarp. Jafnframt lagði safnið í talsverðan kostnað við undirbúning verksins s.s. notendaleyfi, uppfærslu tölvubúnaðar og innþræðingu hugbúnaðar.

Að þjálfun lokinni var byrjað að skráningu í gagnagrunninn. Var að mestu leyti lokið við skráninguna í árslok en ýmsum færslum var ólokið, einkum er varðar óskráðar myndir frá Eyrarbakka sem borist hafa á söfnin frá 1995.

Þuríðarþúð á Stokkseyri

Söfnin á Eyrarbakka hafa faglega umsjón með munum sjóbúðarinnar Þuríðarþúðar á Stokkseyri. Segja má að þúðin standi vel undir nafni sem sýnishorn af aumum vistarverum vermannna fyrr á tímum. Til eru ýmsar frásagnir um verbúðarlífið sem sýna hverskonar hreysi búðirnar voru í raun og veru. Búðin var endurgerð árið 2001 og endurvígð á 60 ára afmæli Stokkseyringafélagsins í Reykjavík þann 5. júlí 2003 af Einari Njálssyni bæjarstjóra Árborgar. Stokkseyringafélagið stóð að uppsetningu kynningarskiltis við búðina af þessu tilefni. Boðað var til velheppnaðrar veislu í íþróttahúsinu að því loknu.



Samstarf við önnur söfn

Safnið lánaði stöku sinnum gripi í sýningakassa í anddyri Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Selfossi.

Safnið lánaði nokkra gripi í „Draugasetur“ á Stokkseyri, m.a. uppstoppuð og vansköpuð dýr úr náttúrusafninu.

Safnið er í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Listasafn Árnesinga og Bæjar- og héraðsbókasafn Árnesinga um mál sem tengjast söfnunum sameiginlega. Safnið aðstoðar jafnframt önnur minjasöfn í héraðinu eftir föngum, m.a. Baugsstaðarjómabú og Minjasafnið í Gröf, Hrunamannahreppi.

Safnstjóri hefur að eigin frumkvæði verið í hópi áhugamanna um uppbyggingu Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Hrunamannahreppi. Hugmyndir hafa komið um uppbyggingu sýningaseturs, þar sem komið yrði fyrir Minjasafni Emils og Fjalla-Eyvindarstofu. Það hefur verið álit safnstjóra að minjasafninu væri falið ákveðið hlutverk og má þar sérstaklega benda á að þar er góður safnkostur tækniminja úr landbúnaði eins og traktorar, heyvinnuvélar og þessháttar sem Byggðasafn Árnesinga hefur lítið sem ekkert af og hyggst ekki safna.

Safnstjóri lýtur svo á að uppbygging Minjasafnsins í Gröf skuli vera fyrir forgöngu Hrunamannahrepps og e.t.v. nágrannasveita og að fagleg umsjón með safnkosti þess gæti verið verðugt hlutskipti Byggðasafns Árnesinga í framtíðinni.

Námskeið og fundir

Af persónulegum ástæðum komst safnstjóri ekki á Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna sem haldinn var dagana 11.-13. október í Reykjanesbæ. Farskólinn er vettvangur fræðslu og símenntunar þeirra er starfa á minja-, lista-, og náttúrufræðisöfnum landsins. Safnstjóri kom þó lítillega að skólanum því hann sat í dómnefnd um Íslensku safnaverðlaunin 2003 sem oddamaður og fulltrúi verðlaunahafa 2002. Verðlaunin komu nú í hlut myndadeildar Þjóðminjasafns Íslands fyrir öflugt rannsókn- og útgáfustarf.

Safnstjóri sat námskeið á vordögum á vegum Fræðslunets Suðurlands um refsingar og réttarfar fyrir á öldum.

Safnstjóri sótti í mars námskeið um sýningagerð á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Safnstjóri sat námskeið um myndvinnslu hjá Tölvu- og viðskiptaskóla Suðurlands í september.

Ótaldir eru margir fundir sem safnstjóri sat í tengslum við starfið.

Styrkir

Húsafriðunarsjóður styrkti Húsakönnun á Stokkseyri um 750 þúsund krónur sem afhentar verða safninu þegar hafist verður handa um útgáfu á niðurstöðum könnunarinnar. Starf húsakönnunarinnar lá niðri að mestu leyti á árinu. Staða verksins er sú að til eru fullmótaðar hugmyndir ráðgjafa verkefnisins og drög að handriti að húsaskrá. Stefnt er að útgáfu og lokum verkefnisins við fyrsta hentugleika.

Safnaráð heldur utan um faglega styrki ríkissjóðs til íslenskra safna. Þar fer fram töluverð vinna við upplýsingaöflun um starfsemi íslenskra safna og hefur safnstjóri í nokkur skipti svarað fyrirspurnum Safnaráðs um starfsemina. Styrkir Safnaráðs til beggja safnanna og náttúrusafns Byggðasafns Árnesinga numu alls 1.900.000 kr. fyrir árið 2003. Stærsti hlutinn er rekstrarstyrkur til Byggðasafns Árnesinga en smærri styrkir voru til verkefna. M.a. nýttust styrkirnir til endurnýjunar fastasýninga í Assistentahúsinu og ljósmyndaskráningar í Sarp. Jafnframt fékk Byggðasafn Árnesinga verkefnastyrk til að hefja skráningu náttúrumuna sem safnið varðveitir.

Fyrir milligöngu American Scandinavian Foundation var safninu afhentur 10.000 US dollara styrkur frá Arna Richter í byrjun ársins.

Eggjaskúrinn

Vorið 2000 var komið að máli við safnstjóra og honum kynnt að Vestur Íslendingur Arne Richter að nafni, afkomandi Þórðar Guðmundssonar sýslumanns á Litla-Hrauni, hefði áhuga á að gefa til menningarverkefnis á Eyrarbakka, sem hefði skírskotun til þess umhverfis og tíma sem forfeður hans bjuggu við á 19. öld. Í samráði við ýmsa m.a. Þjóðminjasafn Íslands var lagt til að umræddu gjafafé, 10.000\$ yrði varið til að endurbyggja Eggjaskúrinn svokallaða sem stóð norðan Assistentahússins um nokkurra áratuga skeið á tímabilinu við aldamótin 1900. Vel var tekið í þessa tillögu og var á árinu 2001 sett saman skýrsla um Eggjaskúrinn sem

nýttist til kynningar á skúrnum og væntanlegri endurbyggingu. Jafnframt var þá strax ljóst að umræddur styrkur Richters myndi ekki duga einn og sér, jafnmikils fjármagns þyrfti að útvega, eins og ríkisstyrkja og framlaga af hálfu safnsins sjálfs. Annar Vestur-Íslendingur, Hannes M. Andersen, kynnti árið 2002 að hann hygðist útvega styrk með sama hætti til verkefnisins.

Á árinu 2002 kynnti safnstjóri fyrirhugaðar framkvæmdir með það fyrir augum að geta komið verkinu af stað sumarið 2003. Jón Karl Ragnarsson byggingameistari á Eyrarbakka var ráðinn til verka í byrjun 2003.

Í janúar var Guðjón Kristinsson hleðslumeistari fenginn til að hreinsa ofan af upphaflega sökklinum. Í ljós kom vel hlaðinn kjallari og með gólfi hlöðnu tígulsteinum. Töluvert af athyglisverðum gripum fundust í jarðvegi þeim sem fjarlægður var úr sökklinum og kjallaranum. Virðist sem hann hafi á sínum tíma verið fylltur af margvíslegu skrani og þykja þeir nú hinir merkustu gripir.

Að lokinni athugun á sökklinum var Jon Nordstein arkitekt fenginn til að teikna skúrin í samráði við safnstjóra – sem lagði til fornar húsalýsingar og gamlar ljósmyndir af skúrnum. Einnig voru til ráðgjafar Jón Karl Ragnarson og Haraldur Helgason arkitekt á Þjóðminjasafni Íslands. Voru teikningar lagðar fram í mars og samþykktar í Bygginga- og skipulagsnefnd Árborgar um sumarið. Í ljós kom þegar teikningarnar voru lagðar fram að framkvæmdin yrði dýrari en áætlað hafði verið í upphafi. Framkvæmdum var því frestað í bili þar til fjármögnun yrði tryggð.

Að ósk héraðsnefndar var ný kostnaðar- og fjármögnunaráætlun gerð um sumarið og lögð fram til kynningar og ekki síst þýðingar til Vestur-Íslenskra velunnara skúrsins er leið að hausti. Hljóðar heildarkostnaður upp á kr. 4,5 milljónir. Sótt var um styrki til Menntamálaráðuneytisins með góðum árangri. Stefnt er að halda áfram framkvæmdum um leið og ríkisstyrkur að þriðjungi heildarkostnaðar berst safninu.

Stefnumörkun

Á árinu var unnið að gerð tveggja áætlana sem eiga að móta starfsemina til framtíðar. Annarsvegar er um að ræða stefnumótun um starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka frá 2004-2008 og hinsvegar Söfnunar- og sýningarstefnu Byggðasafns Árnesinga sem upphaflega var unnin árið 1994 og endurskoðuð árið 2000. Hvorttveggja hefur verið tekið til umfjöllunar í stjórn Byggðasafns Árnesinga en fyrra skjalið, langtímastefnan, er beinlínis með vísan til þess sem segir í stofnskrá safnsins.

Vekja má athygli á að þar er gert ráð fyrir að næsta stóra stökk á sviði uppbyggingar sýningahalds mætti taka eftir 10 ár þegar Byggðasafn Árnesinga verður 50 ára. Enn vantar í stefnuna áætlun um söfnun samtímamínja en það er atriði sem ræða þarf ítarlega innan þjóðminjavörslunnar. Í raun er mjög tilviljunarkennt hvað gefið er á safn í dag og frumkvæðið oftar gefenda en safnvarða. Reyndar er líka tilviljunarkennt hvaða stefnu söfn taka varðandi uppbyggingu. En hvað sem því líður eru þó ákvarðanir að jafnaði teknar á faglegum nótum.

Áætlanir þessar bíða í árslok að vera kynntar fyrir Héraðsnefnd Árnesinga, Menningarnefnd Árborgar og þjóðminjavörslunni/Safnaráði.

Varðveisla og rannsóknir

Auk rannsókna á safnkosti vann Margrét Hallmundsdóttir þjóðfræða- og fornleifafræðinemi með safnstjóra á fyrstu mánuðum ársins við að koma fyrir og skrásetja staðsetningu safnmuna í þjónustuhúsinu að Hafnarbrú 3. Jafnframt tók Margrét viðtöl við eldri borgara sem margvíslegar upplýsingar gátu gefið um horfna tíð.

Segja má að töluverður tími fari hjá safnstjóra og öðru fagstarfsfólki við að afla viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins. Jafnframt hefur safnstjóri lagt mikla rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka og eru til drög að handriti Meðal þess sem nefna má í þessu

sambandi að á árinu var þýddur úr ensku yfir á íslensku hluti af sjálfsævisögu Hans B. Thorgrímson prests í Vesturheimi sem fæddist í Húsinu á Eyrarbakka 22. ágúst 1853. Erlingur Brynjólfsson sá um þýðinguna.

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum hefur gott starf verið unnið hvað varðar varðveislu og forvarnir við söfnin á Eyrarbakka. Aðstaða safnanna til varðveislu safnmuna er með ágætum í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 og Mundakotsskemmu við Þykkvaflöt. Að Hafnarbrú 3, í Húsinu og á Sjóminjasafninu eru fullkomin öryggiskerfi sem öll eru beintengd við vaktstöðvar. Við hönnun Hafnarbrúar 3 var tekið tillit til væntanlegs hlutverks þess og er t.d. lokað varmakerfi sem lágmarkar áhættu vegna bilana og lekahættu og kemur í veg fyrir miklar sveiflur í raka og hita. Jafnframt eru gluggar fáir og byrgðir beinu sólarljósi. Hita- og rakamælt er reglulega í varðveislurými og sýningarsölum og gefa niðurstöður þeirra mælinga til kynna viðunandi niðurstöður. Ráðgjafar er eftir þörfum leitað til forvarða Þjóðminjasafns Íslands. Einnig hafa Meindýravarnir Suðurlands sinnt fyrirbyggjandi forvörslu og látið söfnunum í té viðeigandi varnir gegn meindýrum.

Aðföng til safnsins

Með reglulegu millibili berast safninu gripir sem taldir eru hafa varðveislugildi. Reyndar er nokkuð tilviljunarkennt hvað fer á safn og hvað ekki en það fer gjarnan eftir aðstæðum hverju sinni. Gripum er oft hafnað – sem reyndar getur verið viðkvæmt mál. Skipulagðar söfnunarferðir eru einna helst farnar í tengslum við sérstakar þemasýningar.

Stærsta afhending til safnsins voru gripir frá Helga Ívarssyni, Hólum í Stokkseyrarhreppi, um 220 gripir samtals, margir þeirra smíðaðir af Hannesi Magnússyni bónda þar. Voru gripirnir skráðir í Hólum áður en þeir voru afhentir safninu.

Frá Litlu-Sandvík í Flóa kom hluti af farþegarhúsi ÁR-2 sem var fyrsta bifreiðin sem kom í Sandvíkurhrepp. Bifreiðin var í eigu Guðmundar Þorvarðarsonar bónda og hreppstjóra þar. Jafnframt komu frá Litlu-Sandvík gripir úr dánarbúi Akísar Pálsdóttur sem fyrrum voru í eigu tengdforeldra hennar Sigríðar Lýðsdóttur og Guðmundar Þorvarðarsonar.

Guðmundur Stefánsson í Hraungerði afhenti safninu gamla hurð sem smíðuð var af sr. Tómasi Guðmundssyni presti í Villingaholti.

Prentsmiðja Suðurlands afhenti safninu setjaravél sem keypt var til PS árið 1971 og notuð þar til 1987 þegar setningatölvur tóku við hlutverki hennar. Upphaflega kom vélin til landsins árið 1942, til Ísafoldarprentsmiðju, og var Morgunblaðið sett í vélinni áratugum saman.

Eugenia I. Nielsen gaf til æskustöðva sinna orgelbekk móðursystur sinnar Guðmundu Nielsen.

Byggðasafn Árnesinga tók til varðveislu vindskeiðar af sæluhúsi Ferðafélags Íslands í Hvítárnesi. Vindskeiðarnar smíðaði og skar út Guðmundur Einarsson frá Miðdal um 1930.



Á árinu hófst átak í að skrá ýmsa þá muni sem borist hafa á undanförunum átta árum og ekki hafa verið tölvuskráðir fram að þessu. Má þar helst nefna muni úr Sjónarhóli á Eyrarbakka, þ.e. Guðlaugsbúð, gripi frá Austur-Meðalholtum í Gaulverjabæjarhreppi sem varðveittir voru á Árbæjarsafni frá 1970 til 2001, auk ýmissa smærri aðfangagjafa. Skrásettir voru 395 safnmunir á árinu, bæði gripir sem bárust á árinu og fyrr.

Safnskrá Byggðasafns Árnesinga er í dag öll tölvuskráð í gagnagrunnforritið File MakerPro sem er mörg söfn nýta í þessum sama tilgangi. Fyrirhugað er að flytja safnskrár safnanna í gagnagrunninn Sarp.

Gefendur til safnanna á árinu 2003 voru þessir:

Helgi Ívarsson, Hólum

Erlingur Brynjólfsson, Austurvegi 33, Selfossi

--

Páll Lýðsson, Litlu-Sandvík,
Db. Aldísar Pálsdóttur frá Hlíð
Prentsmiðja Suðurlands, Selfossi
Elli Runólfur Guðmundsson, Tunguvegi 9, Selfossi
Guðmundur Stefánsson, Hraungerði
Elín Vilmundardóttir, Reykjavík
Þóra Þórarinsdóttir, Norðurbæ, Selfossi
Sigurgeir Hilmar Friðþjófsen, Fagurhóli, Stokkseyri
Selfossveitur bs.
Sveitarfélagið Árborg, áhaldahús Gagnheiði
Jóhann Helgi Konráðsson, Grænuvöllum 1, Selfossi
Eugenia Inger Nielsen, Vesturgötu 16b, Reykjavík
Stefán Stefánsson frá Hlíði
Gunnar Olesen, Túngötu 61, Eyrarbakka
Guðrún I. Haraldsdóttir og systur, v. Suðurgötu, Eyrarbakka
Áslaug Ágústsdóttir, Karlagötu 18, Reykjavík
Kristín Sigurðardóttir, Oddakoti, A-Landeyjum
Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6, Reykjavík
Stefnir Helgason, Kópavogi,
Einar Þórarinnsson, Stígprýði, Eyrarbakka
Árni Sverrir Erlingsson, Selfossi
Böðvar Bjarki Þorsteinsson, Túngötu 47, Eyrarbakka
Erla Jónsdóttir, Kristnigeisla 9, Reykjavík
Vigfús Markússon, Eyrarbakka.

24. mars 2004, að Hafnarbrú 3, Eyrarbakka,
Lýður Pálsson safnstjóri